

# Reglugerð nr. 51 um fundarsköp og starfsreglur stjórnar

## 1. gr. - Skipan stjórnar

- 1.1. Stjórn FRÍ skipa fimm manns sem kosnir eru á frjálsíþróttapingi. Varastjórn FRÍ skipa fimm manns sem einnig eru kosnir með sama hætti.
- 1.2. Verkaskipting milli stjórnarmanna er sem hér segir: Formaður, kosinn sérstaklega á frjálsíþróttapingi. Varaformaður er staðgengill formanns í forföllum hans, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.
- 1.3. Varamenn taka sæti aðalmanna í stjórn í forföllum stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Hafi varastjórnarmenn verið sjálfkjörnir skulu þeir taka sæti í stjórn í þeirri röð sem þeir voru bornir upp á þingi.
- 1.4. Forfallist formaður varanlega, eða segi af sér, skal stjórnin koma sér saman um hver tekur við formannsembættinu fram að næsta þingi eða aukapingi.

## 2. gr. - Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar FRÍ er eftirfarandi:

- 2.1. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra frjálsíþróttamála milli frjálsíþróttapinga.
- 2.2. Að framkvæma ályktanir frjálsíþróttapinga.
- 2.3. Að vinna að eflingu frjálsíþróttanna í landinu.
- 2.4. Að annast erlend samskipti.
- 2.5. Að gefa út leikreglur og reglugerðir fyrir frjálsíþróttir, sem séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
- 2.6. Að líta eftir því að lögum og reglugerðum FRÍ, World Athletics, European Athletics, ÍSí og Lyfjaeftirliti Íslands sé fylgt.
- 2.7. Að gefa út aðrar reglur en falla undir 5. tl. og varða frjálsíþróttamál á Íslandi. Slíkar reglur eða breytingar á reglum skulu lagðar fyrir næsta frjálsíþróttaping til staðfestingar.
- 2.8. Að úthluta þeim styrkjum til frjálsíþróttanna sem FRÍ fær til umráða.
- 2.9. Að staðfesta Íslandsmet í frjálsíþróttum.
- 2.10. Að staðfesta réttindi dómara.
- 2.11. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir til að sinna einstökum verkefnum eftir því sem hún telur nauðsynlegt hverju sinni. Starfstímabil starfsnefnda skal aldrei vera lengra en fram að næsta frjálsíþróttapingi.

## 3. gr. - Boðun og stjórnun stjórnarfunda

- 3.1. Fundi í stjórn FRÍ skal halda mánaðarlega að jafnaði, eða þegar þörf krefur.
- 3.2. Formaður FRÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim. Formanni er heimilt að fela varaformanni eða framkvæmdastjóra boðun funda.
- 3.3. Fundi stjórnar skal boða með minnst fjögurra daga fyrirvara og skal dagskrá liggja fyrir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Í fundarboði skal tíma- og staðsetning fundar tilgreind. Í dagskrá skal greint frá þeim málum sem taka á fyrir á fundi. Framkvæmdastjóri skal, að höfðu samráði við formann, undirbúa drög að dagskrá stjórnarfundar með hæfilegum fyrirvara.
- 3.4. Varastjórnarmenn skulu boðaðir á stjórnarfundi með sama hætti og hafa þeir seturétt, málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum.
- 3.5. Stjórnarfundur er löglegur ef þrír eða fleiri kjörnir stjórnarmenn eða varamenn sitja fundinn. Einstakir stjórnarmenn geta verið í símasambandi við aðra stjórnarmenn. Ákvörðun er lögleg ef meirihluti viðstaddra stjórnarmanna er málinu samþykkur.
- 3.6. Tveir eða fleiri stjórnarmenn geta óskað eftir stjórnarfundi og skal þá til hans boðað eins fljótt og auðið er.
- 3.7. Heimilt er að taka mál til umræðu á fundi þó að það hafi ekki verið kynnt í dagskrá, enda sé meirihluti stjórnarmanna sammála því.
- 3.8. Formanni og framkvæmdastjóra er heimilt að vísa innsendum erindum til meðferðar í nefndum sambandsins áður en þau koma til stjórnar til afgreiðslu.

- 3.9. Formönnum nefnda sambandsins er heimiluð seta á fundum stjórnar þegar mál sem snerta nefndir þeirra eru til umræðu. Stjórn og formaður geta boðið einstaklingum á fund þegar þörf er á.
- 3.10. Fundargerðir og ákvarðanir stjórnar skal birta á heimasíðu FRÍ, innan viku frá fundi. Í fundargerð stjórnar skal færa tíma- og staðsetningu fundar, hverjir sitja fundinn og tilgreina þau mál sem tekin eru fyrir ásamt afgreiðslu stjórnar. Fundarmönnum er heimilt að færa til bókunar álit sem þeir telja að máli skipti. Bókanir skulu vera stuttar og hnitmiðaðar.

#### **4. gr - Ákvarðanir milli stjórnarfunda**

- 4.1. Hægt er að taka ákvörðun milli stjórnarfunda, ef ekki er tími eða möguleiki að boða til hefðbundins fundar. Mál sem eru afgreidd með þessum hætti skulu tekin upp til formlegrar umræðu og afgreiðslu og færð til bókar á næsta fundi stjórnar.
- 4.2. Í slíkum tilvikum skal formaður, eða framkvæmdastjóri í hans umboði, kynna málið fyrir stjórnarmönnum, eða varamönnum í forföllum aðalmanna, og leita álits þeirra. Einnig er hægt að leita álits stjórnar á einstökum málum með tölvupósti eða myndsendingu.
- 4.3. Ákvarðanir símafundar, þar sem a.m.k. meirihluti kjörinna stjórnarmanna er í símasambandi, skal leggja fyrir næsta formlega stjórnarfund, skv. 3. gr.
- 4.4. Komi til atkvæðagreiðslu vegna mála sem tekin eru fyrir skv. þessari grein, er stjórnarmönnum heimilt að kynna afstöðu sína með rafrænum hætti.
- 4.5. Varamenn taka sæti í stjórn í við afgreiðslu mála milli stjórnarfunda í samræmi við 1. gr.
- 4.6. Niðurstöður afgreiðslu milli funda skulu kynntar með fyrirvara um endanlega afgreiðslu stjórnar á formlegum fundi.

#### **5. gr - Fjármál og rekstur**

- 5.1. Reikningsár FRÍ skal vera almanaksárið.
- 5.2. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálum, rekstri sambandsins og gerð fjárhagsáætlunar gagnvart stjórn FRÍ. Hann skal kynna stöðu fjármála FRÍ fyrir stjórn með reglulegu millibili og ef þess er óskað á fundum stjórnar.
- 5.3. Framkvæmdastjóri fer með prókúru FRÍ í umboði stjórnar. Í forföllum framkvæmdastjóra fara gjaldkeri og formaður sameiginlega með prókúru sambandsins.
- 5.4. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri geta hver um sig undirritað skuldbindingar fyrir hönd FRÍ með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar, enda séu skuldbindingar innan ramma fjárhagsáætlunar. Skuldbindingar vegna útgjalda sem eru umfram fjárhagsáætlun þarfnast samþykktar stjórnarfundar, skv. 3. gr.
- 5.5. Nefndum eða vinnuhópum innan FRÍ er ekki heimilt að skuldbinda FRÍ fjárhagslega.
- 5.6. Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða annað starfsfólk til starfa með samþykki stjórnar. Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs FRÍ.

## **Saga**

1. Samþykkt 2010.
2. Lítillega uppfært af stjórn FRÍ 2023 og fært í nýjan búning.